

Skipulagsstofnun
b.t. Jóhönnu H. Einarsdóttur
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 7.1.2022
Tilvísun: 202109-0042
LA, IAS, SS
SS

Efni: Matsskylda framkvæmdar fiskvegur í jarðgöngum við Barnafoss. Viðbrögð við svörum framkvæmdaraðila.

Vísað er til tölvupósts frá Skipulagsstofnun, dags. 15. desember 2021, þar sem óskað er eftir viðbrögðum Náttúrufræðistofnunar Íslands við svörum framkvæmdaraðila við umsögn Náttúrufræðistofnunar um matsskyldu framkvæmdar fiskvegur í jarðgöngum við Barnafoss sem var send til Skipulagsstofnunar 27. október 2021.

Ýmsum spurningum og athugasemdum sem komu fram í umsögn Náttúrufræðistofnunar hefur verið svarað af framkvæmdaraðila en enn eru nokkur óvissuatriði til staðar.

Ljóst er að frekari rannsókn á jarðfræði svæðisins er þörf til að hægt sé að skera úr um hvernig eða hvort mögulegt sé að fara í fyrirhugaða framkvæmd með fiskveg í jarðgöngum. Í þessu sambandi er fyrirhugað að bora tvær kjarnaholur á jarðgangnasvæðinu til að kanna jarðlög, en nákvæm staðsetning holanna liggur ekki fyrir. Kjarnaborun krefst þess að útbúið sé athafnasvæði eða borplan fyrir bortæki og starfsmenn. Þessi framkvæmd við rannsóknarborun verður innan friðlýsta svæðisins og veldur raski á yfirborði. Taka þarf tillit til þeirra umhverfisáhrifa sem rannsóknarborunin hefur og meta hvort hægt sé að kanna jarðfræði svæðisins á annan hátt. Þá hefur einnig komið fram að kanna þarf veikleika í bergi en ekki er greint frá hvernig að því verður staðið.

Þó að fyrirhuguð framkvæmd á fiskveg um jarðgöng byggji fyrst og fremst á þessum tveimur rannsóknarholum er ýmsu enn ósvarað er varðar fiskveginn sjálfan. Fjallað er um sjálfvirkan opnunarbúnað en ekki kemur fram hvort hann sé rafdrifinn og hvort að leggja þurfi rafstreng að svæðinu. Þá getur Náttúrufræðistofnun ekki tekið undir að fiskvegurinn komi ekki til með að sjást innan friðlandsins þ.e. op jarðganga út í Hvítá, steipt brik út á sylluna til að stýra vatnsrennsli og aðgengisop starfsmanna að göngunum. Þar að auki er gert ráð fyrir að inntaksop verði hulið grjóti og gróðri sem er mangert inngríp innan friðlandsins.


Hraunfossar og Barnafoss í Hvítá voru friðlýstir árið 1987. Í auglýsingu um reglur friðlýsta svæðisins kemur fram að mannvirkjagerð og jarðrask, svo og aðrar breytingar á svæðinu, er háð leyfi Umhverfisstofnunar og að óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf eða raska jarðmyndunum.



Fyrirhuguð framkvæmd er innan þessa friðlýsta svæðis og erfitt er að sjá að hún sé þess eðlis að brýnir samfélagslegir hagsmunir krefjist hennar. Framkvæmdin mun raska náttúruvari hvort sem það verður sýnilegt eða hulið með manngerðum aðgerðum. Ef Umhverfisstofnun gefur tilskilin leyfi fyrir rannsóknarborun og sjálfri framkvæmd jarðganga, er mikilvægt að gerð sé krafa um sérstakt eftirlit með framkvæmdinni skv. 76. gr. náttúruverndarlaga.

Mjög mikilvæg er sú staðreynd að staðsetning framkvæmdarinnar er innan friðlýsts svæðis og það hlýtur að veða þungt við ákvörðun um matsskyldu. Mat á umhverfisáhrifum gefur betra rými til að eyða allri óvissu um áhrif og eðli framkvæmdar og gefur tækifæri til ítarlegri umræðu um tilgang framkvæmdarinnar. Mikið er í húfi þar sem stærð og gerð friðlýsta svæðisins, og náttúruminjanna sem þar eru verndaðar, eru þess eðlis að lítið svigrúm er fyrir óvissu eða skekkju í áhrifamati. Náttúrufræðistofnun Íslands er því enn á þeirri skoðun að framkvæmdin eigi að fara í mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndar
Náttúrufræðistofnun Íslands